



Skógræktarfélag
Garðabæjar



Útivistarkort Skógræktarfélags Garðabæjar

Umgengni um skógræktarsvæði í Garðabæ.

- Hafið hunda í bandi og sýnið öðrum gestum tillitssemi.
- Umferð hesta er aðeins leyfð á reiðstígum.
- Gætum þess að spilla ekki gróðri.
- Meðferð elds er bönnuð nema í sérútbúinni grillaðstöðu.
- Einnota grill eru bönnuð á gróðursvæðum.
- Akstur utan vega og á göngustígum er óheimill.
- Skiljið ekki eftir rusl á útivistarsvæðunum.



Algengur blómgróður




Brennissóley



Lúpína



Krækilyng




Hófsóley



Fjalldalafífill



Blágresi



Klóelfting



Ljónslappi



Gleym-mér-ey



Gullkollur



Skarífífill



Blóðberg



Gulmaðra



Holurt

Algengur blómgróður

Upphaf skógræktar í Garðabæ má rekja til skógardaga á Vífilsstöðum sem ungmennafélagin í Reykjavík og Hafnarfirði efndu til vorið 1911. Gróðursett var í hraun og hlíðar en einnig í reit norðan við hælið og standa þar enn leifar hans. Nú er þar að finna m.a. fjallafuru, skógarfuru, birki, silfurreyni og hávaxinn íslenskan gulviði. Svipmikla trjásvéigana á túninu sunnan við Vífilsstaði má aftur á móti rekja til sjötta áratugarins þegar svæðið var skipulagt af landslagsarkitekt og starfsmenn og sjúklingar sáu um plöntun og umhirðu.



Vorkvöld við Vífilsstaðavatn

Útivistarsvæðið í Smalaholti

Smalaholt er um 53 ha að stærð úr landi Vífilsstaða og er fyrsta svæðið sem fékkst til skógræktar í Garðabæ. Skógræktarfélagið og félagasamtök í Garðabæ hafa þar ræktunarreiti og grunnskólarnir, Hofsstaðaskóli, Flataskóli og Garðaskóli gróðursettu í skólareiti (A) á árunum 1989-2002. Félagasamtök hafa reist merkingar við reiti sína og sumstaðar verið sett útiborð til áninga.

Skógræktarfélagið hefur lagt þjónustuvegi um svæðið og bílastæði. Við aðkomuna er grænt landgræðsluskógaskilti og fræðsluskilti um gróður og fugla svæðisins. Um svæðið liggja reiðstígar frá Kjávöllum og ofan golfvallar GKG að Hnoðraholti. Í tilefni tuttugu ára afmælis félagsins 2008 voru skipulagðir útivistarstígar og áningarstaðir af Hornsteinum ehf. Uppbygging útivistarstíga á svæðinu hófst sumarið 2009 þegar félagið tók þátt í samstarfi um atvinnuáttak Skógræktarfélags Íslands og Garðabæjar um verkefni á skógræktarsvæðunum. Þétt net útivistarstíga liggur nú um skóginn og upp á holtið þar sem útsýnið er mikið.

Efst á Smalaholti er lágmynd (B) af stúlku meitluð í klópp og að henni liggur mjór slóði. Þar er einnig útsýnisskifa (C) á mörkum bæjarfélaganna. Gerð hennar er samstarfsverkefni umhverfisnefndar Garðabæjar og umhverfisráðs Kópavogs. Trjásýnistigur (A) hefur verið í uppbyggingu á svæði skólareitanna. Þar eru trjá- og runnategundir merktar. Opinn jólskógur hefur verið einn laugardag í desember undanfarin ár þar sem Skógræktarfélagið og félög í Smalaholti taka á móti fjölskyldum til að kaupa jólatré úr skóginum.

Félaga- og skólareitir í Smalaholti

Hofsstaðaskóli, Flataskóli, Garðaskóli. Lionsklúbburinn í Garðabæ, Kvenfélag Garðabæjar, Lionsklúbburinn Eik, Rotarýklúbburinn Gördum, Kiwanisklúbburinn og Sinawikkklúbburinn, Norræna félagið í Garðabæ, Fjölbreyttaskólinn Garðabæ, Golfklúbbur GKG, ásamt nokkrum fjölskyldureitum.

Skógræktar- og útivistarsvæðið á Smalaholti er eitt samfellt svæði þar sem öllum er frjálst aðgangur.

Trjátegundir



Birki



Reyniviður



Lerki




Blágreni



Stafafura



Loðviðir



Elri

Vífilsstaðahlíð



Fjölbreytt útivist í Sandahlíð

Sandahlíð er um 46 ha að stærð úr landi Vífilsstaða. Skógræktarskipulag af Sandahlíð var gert 1993. Fjölbreyttur trjágróður er á svæðinu sem skógræktarfélagar og reitahafar hafa gróðursett.

Félagið útbjó áningarstað á Sandaflöt 1995, með grilli og nokkrum útiborðum. Góð aðstaða er á flötinni með ýmsum leiktækjum. Útivistarstígar eru frá bílastæði í austur að mörkum Kópavogs og þaðan er hægt að ganga í Guðmundarlund. Einnig liggur stigur í vestrar átt að Vífilsstaðavatni og frá honum liggur stigur upp hlíðina að rústum varðstöðvar frá stríðsárunum. Þaðan er viðsýnt til allra átta. Í Sandahlíð er hægt að njóta útivistar til leikja í næði frá umferð. Fuglalíf þar er fjölbreytt.

Við aðkomu að Sandahlíð er grænt landgræðsluskógaskilti og fræðsluskilti á bílastæðinu.



Leiksvæði í Sandahlíð

Skógurinn í Vífilsstaðahlíð

Vífilsstaðahlíð er í landi Garðabæjar innan marka Heiðmerkur, sem er í umsjá Skógræktarfélags Reykjavíkur, sjá nánar www.heidmork.is.

Um Vífilsstaðahlíð liggur fjöldi göngustíga sem tengjast útivistarstígum Garðabæjar. Þar er hægt að ganga um hálfir aldar gamlan skóg og njóta útivistar. Trjásýniréitur er fyrir miðri hlíðinni.



Vífilsstaðahlíð



Sandahlíð séð frá Vífilsstaðavatni

